



Alþingi  
Erindi nr. P 138/49  
komudagur 3.11.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2009.

Stígamótum hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til almennra hegningarlaga 16. Pskj., 16. mál ((upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningþvætti). Af því tilefni vilja Stígamót koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Stígamót telja mikla bót að ákvæði 2. gr. frumvarpsins, er varðar niðurfellingu 69. gr. núgildandi laga og mælir fyrir um 8 nýjar greinar í stað hennar í nýjum kafla. Sérstaklega er ákvæði f. liðar 2. gr. frumvarpsins fagnað, þ.e. 69 gr. e. er varðar heimild til að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi. Líta Stígamót einkum til fórnarlamba mansals í þessu sambandi, að sá hagnaður sem til varð vegna misneytingar og hagnýtingar þeirra, hvort sem er fyrirbyggjandi eða samkvæmt mati, verði gerður upptækur og fórnarlambinu ákvarðaðar bætur. Er það von Stígamóta að dómarrar muni almennt ákvarða slíkar bætur til samræmis við eðli mansals og þær afleiðingar sem það hefur í för með sér fyrir fórnarlamb þess.

Jafnframt hvetja Stígamót til þess að lögbundið verði að eignir og ágóði sem gerð verða upptæk í mansalsmáli, að frádregnum bótum til fórnarlamba, renni til aðstoðar við og endurhæfingar fórnarlamba mansals í stað þess að falla til ríkissjóðs. Með því móti mætti tryggja og gera raunhæf þau úrræði er standa eiga fórnarlömbum mansals til boða.

2. Stígamót styðja heils hugar lögleiðingu ákvæða 6. og 7. gr. frumvarpsins. Í 6. gr. er lögð til breyting á núgildandi mansalsákvæði almennra hegningarlaga, til samræmis við skilgreiningar Palermó-bókunarinnar og Samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Einkum og sér í lagi fagna Stígamót því að lagt er til að verknaðarlýsingunni „með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi“ verði bætti í ákvæðið og felld út orðalagið „annarri ótilhlýðilegri aðferð“, enda með öllu óljóst hvað þar er átt við.

Stígamót láta umfjöllun um önnur ákvæði frumvarpsins þeim stofnunum og aðilum eftir sem sérþekkingu hafa á viðkomandi sviði.

Virðingarfyllt,

f.h. Stígamóta  
Margrét Steinarsdóttir